

## 2. bekkur

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:**  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar>

Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrágerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 2. bekk eru 30.

**Umsjónarkennarar í 2. bekk eru:** Anna Sigríður Halldórsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir

### Heimavinna

Gert er ráð fyrir að börnin lesi heima á hverjum degi. Með heimalestrarbókum fylgja bækur sem kvitta skal á og eru í plastmöppu. Önnur heimavinna á að vera í teygjumöppu. Nemendur fá möppuna með heimavinnu vikunnar á föstudögum/mánudögum og eiga að skila möppunni viku síðar eða á föstudögum/mánudögum. Heimanám hefst í byrjun september og lýkur í byrjun maí nema heimalesturinn sem er út skólaárið.

Heimavinna er fyrst og fremst til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna. Ekki er ætlunin að heimavinnan sé nokkrum ofviða og eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við kennara ef svo er. Heimalesturinn er aðalatriðið í heimanámi, bæði lestur fyrir börnin og markviss lestrarþjálfun við hæfi hvers barns.

### Námsmat

Hæfnikort eru grundvöllur fyrir námsmat. Inn í hæfnikortum eru viðmið sem unnið er út frá. Með þeim fá kennarar/nemendur skýrar leiðbeiningar um hvað á að meta hvernig á að meta hæfni nemenda miðað við þau hæfniviðmið sem sett eru. Hæfnikort inniheldur öll þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans. Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfnikortum og metur hvar nemandi er staddur. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda. Leiðsagnarmat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð lesfímipróf.

### Íslenska

#### Talað mál, hlustun, lestur, bókmenntir, ritun

Unnið er út frá kennsluáðferðinni Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er nálgun eða aðferð í lestrarkennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans og er hún samvirk kennsluáðferð. Hún byggir á heildstæðri nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur, framsögn og ritun í einni heild.

#### Lestur:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um mikilvægi lestrarnámsins og nái að skapa örvandi

umhverfi varðandi mál, lestur og ritun. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni eftir löng frí.

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima í a.m.k. 15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna sem kvitta fyrir lesturinn í þar til gerða bók. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina.

### **Ritun (rituð frásögn, skrift og stafsetning)**

**Skrift** er metin með því að athuga reglulega hvernig nemandi dregur til stafs. Skoðuð eru sýnishorn og metnar framfarir í formlegum skriftarverkefnum og í frjálsri ritun. Tekin eru til varðveislu sýnishorn af vinnu hvers nemanda a.m.k. tvisvar sinnum á önn. Nemendur taka þátt í að meta eigin skrift með því að bera saman sýnishorn. Sýnishornin liggja til grundvallar námsmati og rædd við foreldra og nemendur.

**Frásögn og málnotkun** er metin með því að fylgjast með frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum þar sem reynir á notkun á einföldum málfræðiatríðum og vald á tungumálinu. Skráð er reglulega hvernig nemandi gengur að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og tala um reynslu sína.

**Námsefni:** Lestarbækur við hæfi hvers og eins. Ritrún 1&2, Litla Lesrún, Stóra sögubókin mín. Ítalúskrift 2a og 2b, Orðasafnið mitt, ýmis verkefni frá kennara.

### **Stærðfræði**

Nemendur vinna með stærðfræði á fjölbreytilegan hátt.

*Kennt er eftir aðferðum Zankov stærðfræði sem hefur fengið nafnið Neisti á íslensku. Kennslan einkennist af athugunum, greiningu og rökrænni hugsun. Að finna svar er ekki það eina sem máli skipti heldur að skilja hvað liggur að baki dæmunum. Nemendurnir eiga að geta útskýrt aðferðir sínar og fært rök fyrir vali þeirra. Þessi leið í stærðfræðikennslu snýst því meira um að leysa verkefni en að æfa aðferðir* Við vinnum með flokkun, stærðir, form, mælingar, pörun, talningu, talnalínu, mynstur og staðsetningarhugtök. Við leggjum áherslu á að börnin læri tölutáknin 0 – 100 og skilji hugtökin eining, tugur, hundrað, jafnt og, stærra en, minna en, fleiri og færri. Einnig er unnið með algeng stærðfræðihugtök, s.s. einingu, tug og hundruð. Aukið er vægi orðadæma og lögð er áhersla á að börnin leyti eigin lausna við verkefni. Við notum fjölbreytt hjálpargögn við kennsluna, m.a. talnagrind.

**Helsta námsefni:** Neisti 2a og 2b, Sproti 2a og 2b, Stærðfræði Spæjarar 1, 2 og 3, ýmis talnahefti (ljósrít), heimaverkefni og ýmis öpp.

**Námsmat:** Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem námsmat er birt í hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

### **Náttúrufræði/Samfélagsfræði**

Samþætting við Byrjendalæsi þar sem fjallað er um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Við leggjum áherslu á að nemendur þekki heimabyggð sína Eyjafjörðinn og nokkrar sögur tengdar honum. Lagður er grunnur að skilningi á hugtökum í náttúru og umhverfi. Utikennsla er liður í náttúrufræðinni þar sem nemendur skoða nánasta umhverfi sitt og gera einfaldar athuganir á því. Við fjöllum um algengustu húsdýrin á Íslandi og algengustu

fuglana í umhverfi í umhverfi okkar. Við fjöllum um árstíðabreytingar og fylgjumst með veðurfari í ákveðinn tíma. Nemendur gera einfaldar tilraunir. Unnið er með verkefni sem tengjast nemendum, uppruna þeirra og fjölskyldum. Lögð er áhersla á hollustu og hollt mataræði, að nemendur umgangist náttúruna af virðingu og geti flokkað daglegt rusl. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu.

**Námsefni:** Halló heimur 1 og Halló heimur 2, Komdu og skoðaðu líkamann, Húsdýrin okkar og ýmsar bækur sem tengjast BL.

**Námsmat:** Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem námsmat er birt í hæfnikorti.

## **Siðfræði og trúarbragðafræði**

**Helstu áhersluatriði:** Að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleik og sáttfýsi. Þetta gerum við m.a. með því að lesa fyrir þau sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Nemendur fræðast um helstu hátíðisdaga kirkjuársins. Komið er inn á fjölmenningu og ólík trúarbrögð. Söngur og leikræn tjáning er þáttur í kennslunni.

Þeir þroskaþættir, sem greininni er ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum eignum.

## **Lífsleikni**

Mikil áhersla er lögð á að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni nemenda. Í fyrstu er lögð áhersla á að vinna með upplifun þeirra við skólabyrjun. Skólinn er skoðaður og allt umhverfi hans til þess að nemendur finni sig örugga á þessum nýja vinnustað sínum. Í því sambandi má nefna mikilvægi reglna, að nemendur átti sig á þeim og verði þjálfuð í að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólastarfinu. Einnig að þau geti tjáð sig um líðan sína við starfsfólk skólans og skólasystkin og geti tjáð sig um helstu hugðarefni sín og sagt frá atburðum. Áhersla er lögð á umræður um tilfinningar og að nemendur átti sig á mismunandi tilfinningum. Nemendur fá þjálfun í að setja sig í spor annarra. Jafnframt er unnið með hópinn sem heild með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft og góða bekkjarheild. Nemendur fá þjálfun í hugleiðslu, slökun og teygjum. Lögð er áhersla á að nemendur njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunni að gleðjast og meta það umhverfi sem þau lifa í. Mikilvægt er að þau læri að varast hættur í umhverfinu. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni. Námsgreinin lífsleikni tengist flestum þeim námsgreinum sem börnin fást við en ákveðið námsefni liggur þó til grundvallar lífsleiknikennslu sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með nemendum. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Bekkjarfundir eru fastir liðir í skólastarfinu. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

**Námsefni:** Verkefni sem tengjast Jákvæðum aga. Samgöngustofa.is – fræðsla.

Umferðarvefurinn og annað ítarefni.

## **Upplýsingamennt - tölvunotkun**

**Helstu áhersluatriði:** Að nemendur komi reglulega á bókasafn skólans og læri að finna sér bækur við hæfi. Lögð er áhersla á að þau læri góða meðferð bóka og annarra gagna af bókasafni. Nemendur læra ákveðnar umgengisreglur varðandi tölvur og spjaldtölvur skólans og nota kennsluforrit við hæfi.

**Námsefni:** Multi (Norskar Sprota-æfingar), Codespark-forritunarkennsla, Róbótar (Blue-Bot og Sphero), ýmis forrit af mms.is og ýmis öpp.

## Enska

Kennslan byggist mest á söng og hreyfingum. Hreyfingar eiga að endurspegla innihald texta þannig að nemendur átti sig á þýðingu orðanna. Unnið verður fyrst með lög sem nemendur kunna á íslensku, með litina, tölurnar og jólasöngva þegar þar að kemur.

**Námsefni:** Yes we can 2, ýmis verkefni af vef (enska fyrir byrjendur) og verkefni búin til af kennara.

## Myndmennt

**Helstu áhersluatriði:** Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálf huga og hönd til skapandi starfs. Nemendur teikna, mála og móta fjálst inn á milli ákveðinna verkefna. Þeir læra að nota fjölbreyttar aðferðir og efni til myndgerðar. Reynt er að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Nemendur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í samstarfi. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

**Námsefni og kennslugögn:** Kennslugögn og námsefni er unnið upp úr ýmsum fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, skapandi hugmyndum, upplýsingatækni og kennslufræði sjónlista. Unnið er með grunnatriði í myndlæsi. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum til að gera námið áhugaverðara og við hæfi sem flestra.

**Helstu kennsluáðferðir:** Stutt kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat. Námsmatið er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem greind hafa verið í námsviðmiði í þeim tilgangi að gera þau skilvirkari við mat tiltekinna hæfni hjá nemendum. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar og framförum nemanda. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grunnur námsmats og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans á Mentor.

**Kennari:** Elsa María Guðmundsdóttir

## Heimilisfræði

Heimilisfræðin fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og umhverfisvernd og auðvelda nemendum við að takast á við daglegt líf og hjálpa þeim að gerast meðvitaðir neytendur.

### Markmið

- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum og læri um tannvernd
- þekki einföld áhöld sem notuð eru í eldhúsi og geti nýtt sér þau við vinnu sína
- geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli, msk. og tsk.
- taki þátt í verklegri vinnu og geti farið eftir leiðbeiningum þ.e. myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum, fái þjálfun í uppvaski og frágangi
- geti ráðað algengum fæðutegundum í fæðuhring og læri hvað fæðuflokkarnir heita
- læri um gagnsemi og skaðsemi örvera, flokkun á sorpi, hreinlæti í meðferð matvæla og persónulegt hreinlæti.
- læri að vinna með öðrum og sýna öðrum kurteisi, tillitssemi og hjálpssemi.
- tileinki sér að fara eftir reglum sem gilda í kennslueldhúsi.

**Skipulag kennslu/kennsluhættir:** Útlistunarkennsla, sýnikennsla, einstaklingskennsla hópastarf, samvinnunám, einstaklingsvinna.

Nemendur vinna saman í litlum hópum 2-3 saman í hóp þar sem þeir læra samvinnu og að taka tillit til annara, einnig fá þeir eins mikla einstaklings kennslu og þeir þurfa. Nemendur kynnast helstu fæðutegundum, hollustu og almennu hreinlæti. Byggt er ofan á þekkingu úr 1. bekk og leitast er við að nemendur þjálfist og verði sjálfstæðari í vinnubrögðum. Viðfangsefni eru mikið í bakstri við að mæla, hræra, hnoða og móta deig en einnig er unnið með grænmetis og ávaxta flokk.

**Námsefni og kennslugögn:** Heimilisfræði fyrir 2. bekk.(les og vinnubók), Komdu og skoðaðu eldhúsið, ljósritaðar myndrænar einfaldar uppskriftir. Vinnum með einföld eldhúsáhöld, ávexti, grænmeti, mjólkurvörur, kornvörur og fl.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðu nemandans hverju sinni. Vinnubókin er einnig metin.

Unnið er út frá hæfnikorti nemenda í 2. bekk og metið út frá því ásamt sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list og verkgreinar.

**Kennari:** Þóra Gígja Jóhannsdóttir

## Hönnun og smíðar

### Hæfniviðmið:

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,
- Gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- Framkvæmt einfaldar samsetningar,
- Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglegar lífi,
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- Beitt líkamanum rétt við vinnu og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

### Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

**Kennsluhættir:** Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar, vettvangsferð.

**Námsmat:** Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson

## Textílmennt

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar

**Kennsluhættir:** Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfri verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

**Námsefni:** Efni á veraldarvef, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

**Námsmat:** Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði og umgengni auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

**Kennari:** Soffía Margrét Hafþórsdóttir

## Skólaíþróttir

**Helstu áhersluatriði:** Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar. Helstu viðfangsefni eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, þol í hlaupi, gripstyrkur, bolstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta.

**Leiðir:** Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í íþróttatímum.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

## Skólasund

**Helstu áhersluatriði:** Megináhersla á aðlögun að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök í skrið- og baksundi. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfiþörf og félagsleg samskipti.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason